

Skólahald á Akureyri og óveður.

Ábyrgð foreldra

Þegar vond vetrarveður ganga yfir verða foreldrar ávallt að meta sjálfir hvort óhætt sé að senda barn í skólann. Í skólanum er alltaf einhver hluti starfsmanna mættur til þa taka á móti þeim börnum sem mæta. Sé barn heima vegna veðurs eða ófærðar þarf að tilkynna það í síma eða með tölvupósti.

Ábyrgð skólayfirvalda

Ef veður eða færð er með þeim hætti að lögregla mælir með því að börnum sé haldið heima, er kennsla felld niður og foreldrar beðnir um að halda börnum sínum heima.

Fræðslustjóri er í slíkum tilvikum í sambandi við lögreglu og kemur tilkynningu um að kennsla sé felld niður í grunnskólum á Akureyri og foreldrar leikskólabarna beðnir um að halda börnum sínum heima í RÚV og Bylgjuna. Er þá gert ráð fyrir því að fyrsta tilkynning sé birt kl. 7.00 að morgni.

Þá er sendur tölvupóstur til allra skólustjóra, stöðluð frétt birt á heimasíðum allra skólanna og skóladeild. Skólar senda einnig staðlaðan tölvupóst til foreldra í Mentor. (Skoða þarf hvort sms skeyti má senda með lítilli fyrirhöfn og kostnaði.)

Vangaveltur og pælingar

Það er gengið út frá því að einhverjir starfsmenn mæti alltaf í skólana. Spurning um að skipuleggja þannig að ekki sé verið að stofna lífi eða limum í hættu. Gerð einskonar viðbragðsáætlun.

Þegar kennsla er felld niður er ekki verið að gefa starfsmönnum frí í þeim skilningi og reiknað með að þeir mæti sem geta.

Ef börn mæta þrátt fyrir þetta er þeim sinnt í skólunum, þann tíma sem þau eiga að vera samkvæmt stundaskrá.

Gert er ráð fyrir því að einn stjórnandi sé í hópi þeirra starfsmanna sem mæta í skólann við þessar aðstæður.

Lærdómur og spurningar

Fræðslustjóri brást of seint við 7. janúar s.l. og náði ekki sambandi við Bylgjuna þar sem ekki er svarað í neinu af þeim númerum sem voru gefin upp opinberlega fyrir en kl. 8.00

Þá má deila um það orðalag sem notað var að óska eftir því að börnum sé haldið heima, þar sem fréttamaður RÚV dró frekar úr.

Á að senda börn heim sem mæta þó þrátt fyrir allt?

Hvernig er með starfsmenn sem ekki komast vegna færðar og ómegðar heima?

Á að aflýsa skóla að kvöldi ef spá er verulega slæm? Hvar á að setja viðmið?